

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 116/1959. **X** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Y (Egill Sigurgeirsson hrl.)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1959. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 18. ágúst 1959. Krefst hún þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir mey barns þess, er hún ól 25. ágúst 1958, og dæmt skylt að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð svo og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að úrslit málsins verði lätin velta á fyllingareiði hennar. Þá krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málsvarnarlauna til handa talsmanni sínum.

Auk þess sem í héraðsdómi greinir um frásagnir aðilja um samfarir í októbermánuði 1957 skýrði gagnáfrýjandi frá því fyrir dómi, áður en héraðsdómur gekk, að málsaðiljar hefðu einnig haft samfarir í nóvember og desember 1957 svo og í janúar 1958. Þessu hefur aðaláfrýjandi hins vegar neitað.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. Hafa þau leitt í ljós, að aðaláfrýjandi hefur allt fram á þetta ár haldið áfram að láta gagnáfrýjanda í té greiðslur, svo og að framhald hefur verið á kunningsskap

málsaðilja. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafvarnarkostnaður hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 2500.00, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. maí 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 28. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Þorgeiri Þorsteinssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1959: Y gegn X, sem dómtekið var 14. þ. m.

Hinn 25. ágúst 1958 ól ógift stúlka, Y, Múlakampi 12, Reykjavík, lifandi meybarn, er hún lýsti X, Skúlaskeiði 42, hér í bæ, föður að, en hann hefur ekki viljað kannast við faðernið. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir að barninu og skyldaður til að greiða samkvæmt yfirvaldsúrskurði meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess.

Upplýst er samkvæmt framburðum aðilja, að þau kynntust fyrst í febrúar 1957, og í marz eða apríl sama ár tóku þau að hafa holdleg mök saman og héldu þeim áfram fram eftir árinu.

Í byrjun októbermánaðar 1957 fluttist kærandi í íbúð, sem

hún á að Holtsgötu 10, hér í bæ, og hélt hún þar til út þann mánuð.

Kveður kærandi, að þau hafi haft samfarir þó nokkrum sinnum í íbúð þessari á greindum tíma án þess að viðhafa nokkrar ráðstafanir til að hindra getnað, þær síðustu seinni part mánadansins, 2—3 dögum eftir að hún hafði síðast á klæðum fyrir barnsburðinn, sem bar upp á 21. eða 22. október. Telur kærandi, að við síðast greindar samfarir þeirra sé barn þetta getið.

Kærði hefur hins vegar borið, að hann hafi einungis tvisvar haft samfarir við kæranda í íbúð hennar að Holtsgötu 10, og hafi þær átt sér stað 3. og 6. október. Kveðst hann vita þessar dagsetningar vegna þess, að hann hafi skrifað þær hjá sér í vasa-bók sína sér til minnis, en þá kveðst hann hafa verið farinn að gruna, að fleiri karlmenn væru í spilinu, og því ritað til tryggingar því, að ekki færi milli mála, hvenær síðustu samfarir þeirra áttu sér stað. Kærði hefur aðspurður ekki getað bent á nokkurn annan mann, er líklegt væri, að hefði haft samfarir við kæranda á getnaðartímanum, og ekkert hefur upplýstst frekar í þá átt, svo og hefur kærandi staðfastlega haldið því fram, að hún hafi ekki átt mök við aðra karlmenn en kærða á getnaðartíma barnsins. Af framangreindum ástæðum kveðst kærði því hafa slitið öllu sambandi við kæranda í byrjun októbermánaðar 1957 og því aldrei haft samfarir við hana eftir 6. október 1957, er hann telur, að sé fyrir hugsanlegan getnaðartíma barnsins, og því hljóti einhver annar að eiga hér hlut að máli.

Kærandi hefur hins vegar haldið því fram, að hún hafi flutzt í margnefnda íbúð í samráði við kærða, þar sem meaning þeirra hafi verið sú að taka þar upp sambúð, en síðan hafi kærði svo færzt undan því án þess að tilgreina nokkra ástæðu til þess.

Kærði hefur eindregið mótmælt síðastgreindum framburði kæranda og tekið fram í því sambandi, að er hér var komið sögu, hafi hann verið farinn að gruna kæranda um mök við aðra karlmenn, eins og fyrr getur, og því hafi hann ákveðið að slíta öllu sambandi við hana. Upplýst er, að kærði hefur afhent kæranda nokkra peningaupphæð bæði fyrir og eftir barnsburð, og hefur kærandi haldið því fram, að hér hafi verið um styrk til hennar að ræða vegna barnsburðarins. Kærði hefur hins vegar haldið því fram, að sakir slæmra heimilisástæðna hjá kæranda, svo sem þeim að bróðir hennar lá þungt haldinn á sjúkrahúsi og þurfti á kostnaðarsamri læknishjálpi að halda, hafi hann að beiðni kæranda stundum vikið að henni smá-fjár-

upphæðum án þess þó að ætlast til endurgreiðslu að óbreyttum efnahagsástæðum kæranda og fjölskyldu hennar.

Blóðflokkarannsókn var framkvæmd á málсаðiljum og barninu af Rannsóknarstofu Háskólans, og var árangur þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c.
Kærandi	O	N	+	+	—	—
Barnið	O	MN	+	+	+	+
Kærði	O	MN	—	+	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður kærði ekki útilokaður frá faðerni barnsins.

Héraðslæknirinn í Hafnarfirði hefur lagt fram umsögn sína um getnaðartíma barnsins, en þar segir svo:

„Ég hefi athugað málsskjöl í barnsfaðernismálinu“ Y gegn X. „Þar segir, að“ Y „hafi haft síðast á klæðum fyrir barnsburðinn 21. eða 22. október 1957. Hún elur barn sitt, fullburða að talið er, 25. ágúst 1958, eða 308 dögum eftir að hún síðast hefur haft á klæðum, þ. e. 28 dögum lengri tíma en meðal meðgöngutími er talinn vera, en útilokað er það ekki, að barnið sé komið undir síðari hluta októbermánaðar 1957.

Líklegasti getnaðartími barnsins er að mínu áliti í nóvembermánuði 1957, en þó er ekki útilokað, að það sé komið undir í byrjun desembermánaðar 1957.“

Við fæðingu reyndist hið umrædda barn 3300 gr. að þyngd og 50 cm að lengd.

Af því, sem nú er rakið, er ljóst, að málsúrslit verða að vera komin undir eiði annars hvors málсаðilja.

Kærði hefur haldið því fram, að hann hafi ekki haft samfarir við kæranda á hugsanlegum getnaðartíma barnsins og byggir sýknukröfu sína á því. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að þrátt fyrir framburð hans í þá átt og með skírskotun til þess, að ekki hefur komið fram, að aðrir menn hafi haft holdleg mök við kæranda á getnaðartíma barnsins, svo og hins stöðuga og allanga sambands, er hélzt á milli málсаðilja, verði að telja, að kærandi hafi fremur líkurnar með sér og beri henni því eiðsheimildin.

Verða málsúrslit því þau samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936, að vinni kærandi á löglegu varnarþingi sínu eið að því innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki á tímabilinu frá 15. október 1957 til 15. desember sama árs haft holdlegt samræði við annan karlmann en kærða, X, skuli kærði teljast faðir að barni því, sem hún ól hinn 25. ágúst 1958 og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess

og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958 lögum samkvæmt. Þá skal kærði greiða útlagðan kostnað, er embættið hefur haft af máli þessu, kr. 715.00.

Verði kæranda eiðsfall, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá kr. 500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Y, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. október 1957 til 15. desember 1957 ekki haft holdlegt samræði við annan karlmann en kærða, X, skal kærði teljast faðir að meybarni því, er kærandi ól hinn 25. ágúst 1958 og greiða með því samkvæmt yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til kæranda og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958. Þá skal hann og greiða í ríkissjóð kr. 715.00, sem er útlagður kostnaður embættisins hér vegna máls þessa.

Verði kæranda eiðfall, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá kr. 500.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 66/1960. **Ingolf Petersen og**
Málfríður Jónsdóttir (Ingolf Petersen)
 gegn
Einari Kristjánssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Uppboðsgerðum áfrýjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa með stefnu 8. apríl 1960 skotið til Hæstaréttar uppboðsgerð, er fram fór 2. s. m. á $\frac{1}{4}$ hluta